

**Nd.**

**589. Tillaga**

til þingsályktunar um undirbúning löggjafar um byggðarleyfi.

Flm.: Pétur Ottesen.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um byggðarleyfi.

**Greinargerð.**

Tillaga þessi er fram komin út af erindi um þetta efni, er Alþingi hefir borizt frá hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps. Í samþykkt þeirri, sem hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps hefir gert um þetta, er að visu farið fram á, að sett verði lög um þetta nú á þessu þingi, en þar sem beiðni um þetta kemur ekki fram fyrr en svo langt er liðið á þingtímann, að engar líkur eru til að geta á þessu þingi fengið samþykkt lög um þetta, þá er sú leið líklegust til að koma skriði á málið að fá samþykka áskorun á stjórnina um að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um byggðarleyfi. Fer hér á eftir samþykkt sú, er um getur hér að framan, og bréf það til Alþingis frá lögreglustjóranum á Akranesi, er henni fylgdi.

**Fylgiskjal I.**

**Útskrift**

úr gerðarbók hreppsnefndar Ytri-Akraneshrepps, Borgarfjarðarsýslu.

Ár 1933, fimmtudaginn 27. apríl kl. 8 e. h., var fundur haldinn í hreppsnefndinni á heimili oddvita. Mættir voru allir nefndarmenn, nema Ármann Halldórsson, sem var fjarverandi.

Fyrir var tekið:

4. Lög um byggðaleyfi. Nefndin samþykkti einróma, að skora á Alþingi það, sem nú situr, að samþykkja og setja lög um byggðaleyfi, þannig að bæjum og sjávarþorpum sé heimilað að verjast innflutningi fólks fram yfir það, sem þörf krefur og atvinnumöguleikar byggðarlagsins leyfa á hverjum tíma.

Þórhallur Sæmundsson. Ól. B. Björnsson. Árni Böðvarsson.  
Haraldur Kristmannsson. Sigurdór Sigurðsson. Jón Sigmundsson.

Rétta útskrift vottar:

Lögreglustjórinn á Akranesi, 2. maí 1933

Þórh. Sæmundsson,  
settur.

## Fylgiskjal II.

Oddvitinn í Ytri-Akraneshreppi.

Akranesi, 2. maí 1933.

Um leið og ég leyfi mér að senda hinu háttvirta Alþingi útskrift úr gerðabók hreppsnefndar Ytri-Akraneshrepps í Borgarfjarðarsýslu, þar sem nefndin skorar á Alþingi það, er nú situr, að setja lög um byggðaleyfi, eða heimild handa hreppsnefndum og bæjarstjórnnum til þess að hafa hemil á of miklum innflutningi fólks til byggðarlagsins, vil ég, um leið og ég áréttá og endurtek áskorun þessa, skýra frá, hvers vegna hún er fram komin.

Þá síðan sveitfestistíminn var stytur niður í tvö ár, stafar sveitarfélögum mjög aukin hætta af ótakmörkuðum innflutningi fólks, sem þyrpist að úr öllum áttum, án nokkurrar vonar eða vissu um atvinnu eða afkomu á þeim stað, þar sem það sezt að. Upp á síðkastið eru það einkum sjávarþorpin, sem verða fyrir þessum mikla innflutningi, sem veldur því, að atvinna, sem sízt var of mikil fyrir, þverr að sama skapi og fólkinu fjölgar. Síðan eru heimtaðar atvinnubætur úr sveitar- eða bæjarsjóði og svo auðvitað rikissjóði, en jafnhliða fer fátækraframfærsla stórvaxandi.

Til dæmis vil ég taka, að Ytri-Akraneshreppur greiddi í fátækraframfæri árið 1931 kr. 19000,00, en árið 1932 ca. kr. 29000,00, en útgerð og atvinnumöguleikar í plássinu hafa ekkert vaxið.

Þar sem litur út fyrir, að innflutningur aukizt mjög á þessu ári, þá er fyrirsjáanlegt, að hreppsfélaginu stafar af þessu mikil hætta. Er viðbúið, að fleiri byggðarlög muni álika stöð um þetta.

Treystir nefndin Alþingi til að taka þetta til röggssamlegrar meðferðar.

Virðingarfyllt,

Þórh. Sæmundsson,  
oddviti.

Til Alþingis, Reykjavík.